

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

**Alþingi**

**Erindi nr. Þ 133/239**

**komudagur 23.11.2006**

Alþingi  
v/ Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

23. nóvember 2006  
Tilvísun: 2006110048


## **Frumvarp til laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, 279.mál**

Vísað er til bréfs Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 15. nóvember 2006, þar sem óskað er eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, 279. mál. Samkvæmt frumvarpinu er m.a. gert ráð fyrir breytingum á hlutverki og starfsheimildum sjóðsins og er í því sambandi lagt til að Fjármálaeftirlitið muni framvegis ekki hafa eftirlit með sjóðnum eins og verið hefur frá stofnun hans, sbr. 13. gr. frumvarpsins. Í athugasemdum með 13. gr. frumvarpsins er breyting á eftirlitshlutverki Fjármálaeftirlitsins rökstudd nánar.

Fjármálaeftirlitið hefur kynnt sér efni frumvarpsins og gerir ekki athugasemdir við umrædd áform um breytingar á eftirliti með sjóðnum né við aðrar breytingar sem frumvarpið felur í sér.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

  
Ragnar Hafliðason

  
Guðbjörg Bjarnadóttir